

Dagskrá

29.6.2006

Í Þjóðgarðinum bjóða landverðir upp á fjölbreytta dagskrá.
Dagskráin er öllum opin og er gestum að kostnaðarlausu.



DAGSKRÁ SUMARSINS kemur inn á næstunni

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull býður gestum upp á fjölbreytta dagskrá með landvörðum í sumar. Boðið er upp göngu- og fræðsluferðir, barna- og fjölskyldustund einu sinni í viku. Sumarsólstöðuganga er á Jónsmessu, fuglaskoðunarferð. heimsókn að refagreni, blómaskoðunarferð og menningarminjar eru skoðaðar. (sjá nánari lýsingu á korti neðst á síðu). Þátttaka er gestum að kostnaðarlausu. Allir velkomnir.

Kort af gönguferðum

Gestastofa á Hellnum:

Gestastofa þjóðgarðsins er á Hellnum. Í gestastofunni má finna margvíslegan fróðleik um náttúru og menningu svæðisins. Upplýsingar eru settar fram á lifandi og skemmtilegan hátt því auk texta og mynda má snerta, skoða, þreifa og prófa. Að auki er í gestastofunni sýnd stutt kvikmynd um þjóðgarðinn og ítarlegar upplýsingar eru í rafrænni kortavefsjá. Í gestastofunni starfa landverðir og veita upplýsingar um það sem gestir kunna að hafa spurningar um, s.s. um dagskrá þjóðgarðsins, gönguleiðir og áhugaverða staði.

Gestastofan er opin alla daga frá 27. maí til 10. september frá **kl. 10-18**. Aðgangur er ókeypis. Síminn í gestastofunni er [436 6888](tel:4366888) og bílasími landvarða er 855 4260. Netfang er snaefellsjokull@ust.is og heimasíða er hjá www.ust.is.

Upplýsingamiðstöð þjóðgarðsins er í gestastofunni á Hellnum

Tjaldstæði eru ekki innan þjóðgarðsins - Hlífum gróðri og ökum ekki utan vega.

Tökum ekkert nema minningar og myndir, skiljum ekkert eftir nema fótspor okkar!